

1875

51
12ta
júlí.

Skylduð þjer herra amtmaður, eptir að þjer hafið borið yður saman við hlutaðeigandi lögreglustjóra og dýralækni, hafa nokkuð að athuga við þessar bendingar, býst jeg við, að þjer skýrið mjer frá því. Eins vona jeg að fá frá yður framvegis þangað til ráð má gjöra fyrir því, að kláðanum sje gjöreytt, mánaðarlegar skýrslur um það, sem gjört verður til upprættunar kláðans og kemur fram um heilbrigðisástand sauðfjárins í umdæmum yðar, sjer í lagi býst jeg við, að þjer skýrið mjer frá árangri máls þess, sem mun hafa verið höfðað gegn bóndanum á Efstabœ í Skorradal fyrir óhlýðni gagnvart fyrirskipun yðar um niðurskurð 116 kinda þar á bœ.

52

16da
júlí.

Brjef landshöfðingja, (til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu).

Í brjefi frá 13. þ. m. hafið þjer herra amtmaður, þar sem bóndinn Þorleifur Þorleifsson á Bjarnarhöfn í Helgafellssveit hefur gert fyrirspurn til yðar um það, hvort eigi muni heimilt að stofnsetja fasta verzlun í Kumbaravogi, sem er í landareign nefndrar jarðar, beizt úrskurðar míns um það, hvort nefndur vogur geti álitizt löggiltur verzlunarstaður, og látið þjer jafnframt því það álit í ljósi, að þó ráða megi af einkaleyfislögunum og öðrum ákvörðunum um verzlun landsins frá 17. og 18. öld, að verzlun hafi þá verið rekin á Kumbaravogi, leiði það af því, að hann er ekki nefndur í tilskipun frá 11. sept. 1816 nje í opnu brjefi frá 28. desbr. 1836 milli löggilttra verzlunarstaða, að það geti eigi verið leyfilegt að við hafa þar verzlun öðruvísi en á hverjum öðrum stað, sem ekki er löggiltur til verzlunar.

Fyrir því skal yður tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að jeg fellst á það álit, að tilskipun 11. septbr. 1816, með því í 5. og 6. grein sinni að tilgreina hafnir þær, sem kaupmenn mega sigla á, hafi bannað verzlun á öllum öðrum höfnum án tillits til þess, hvort áður hafi verið verzlað á þeim eður ekki, samanber einnig konungsúrskurði frá 20. maí 1818 og 4. maí 1819, sem löggilda verzlunarstað á Siglufirði, «þó staður þessi sje eigi talinn í tilsk. frá 11. septbr. 1816». Með því nú, að Kumbaravogur, eins og sagt var, er eigi talinn verzlunarstaður í nefndri tilskipun, og hann heldur eigi síðan hefur verið löggiltur, verður eigi veitt leyfi til að stofna þar fasta verzlun.

53

21sta
júlí.

Brjef landshöfðingja (til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu).

Eptir að þjer herra amtmaður í brjefi frá 28. desember f. á. höfðuð beizt úrskurðar míns um, hvort yður ekki samkvæmt 60. gr. sveitarstjórnartilsk. frá 4. maí 1872 bæri frá 1. janúar 1875 að hætta að greiða úr jafnaðarsjóði suðuramtsins laun þau, sem að undanfögnu hafa verið greidd úr honum handa lögregluþjóni í Reykjavík, skaut jeg, þar sem bæjarstjórnin hafði haldið þeirri skoðun fram, að jafnaðarsjóðurinn yrði eigi undanþeginn þessari skyldu nema með nýju lagaböði, málinu til úrskurðar ráðgjafans fyrir Ísland; og hefur ráðgjafinn nú í brjefi frá 6. þ. m. tjáð mjer, að hann sje mjer samdóma um það, að amtsjafnaðarsjóðurinn geti eigi lengur eptir því, sem fyrirskipað er í hinni tilvitnuðu grein sveitarstjórnartilskipunarinnar um, að Reykjavíkurbær skuli eigi greiða neitt gjald í jafnaðarsjóðinni, verið skyldur að borga hin nefndu laun.

Þetta er með þessu brjefi kynnt yður, herra amtmaður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

Brjef landshöfðingja (til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu).

54

21sta
júlí.

Ráðgjafinn fyrir Ísland hefur 30. f. m. ritað mjer á þessa leið: Það er mjer jafnframt því að senda mjer erindi, þar sem amtmaðurinn yfir norður- og austurum-